

VIÐAUKI 2 Námuleyfi Björgunar ehf.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
ARNARHVOLI, REYKJAVÍK

Björgun h.f.
Sævarhöfða 33
124 Reykjavík
P.O.box 4112

TILV. RÁÐUNEYTIS DAGS.

1/975.1 28.ágúst 1990


1. Vísað er til bréfs yðar dags. 25.06.1990, þar sem óskað er að Björgun h.f. verði veitt leyfi til töku malar og sands af sjávarbotni á tilteknum svæðum utan netalaga. Í öðru lagi er óskað eftir heimild íl töku skeljasands í Faxaflóa fyrir Sementsverksmiðju ríkisins og almennan markað. Þá er einnig óskað eftir heimild til leitar sands og malarefna a sjávarbotni á grunnsævi við Ísland utan netalaga,

2. Með vísun íl 3. og 4. gr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, veitir ráðuneytið Björgun h.f. leyfi til eftirfarandi;

- a. Töku malar og sands af sjávarbotni a efiirtöldum svæðum utan netalaga:
Kollafjörður - ásamt sundum.
Hvalfjörður
Umhverfis Syðra Hraun í Faxaflóa.
- b. Töku skeljasands í Faxaflóa fyrir Sementsverksmiðju ríkisins og almennan markað.
- c. Leitar að sandi og malarefnum á sjávarbotni á grunnsævi við Ísland utan netalaga.

3. Framangreint leyfi er ekki einkaleyfi.

4. Leyfi þetta er veitt til 30 ára og er háð því að Björgun h.f geri nauðsynlegar ráðstafanir til að forðast mengun og spillingu a lífríki laðs og lagar vegna efnistokunnar. Ráðherra er rétt að fella burt leyfi til efnistoku á tilteknu svæði, ef þessa akvæðis er ekki gætt eða ef brýnir almanna-hagsmunir koma til. svo og að setja frekari skilmála fyrir efnistokunni.

A handwritten signature in black ink on a light-colored background. The signature is written in a cursive style and appears to read "Jón Sigurðsson".